

# Sterk staða verslunar og þjónustu

Ferðaþjónustan leikur lykilhlutverk í  
vextinum

---

**Hagfræðideild Landsbankans**

6. desember 2022




# Helstu niðurstöður

---

- Verslun og þjónusta hefur blómstrað á síðustu árum. Aðsókn ferðamanna til landsins hefur ýtt undir fjölbreytta matar-, verslunar- og skemmtanamenningu sem heimamenn njóta einnig góðs af.
- Þeir ferðamenn sem nú koma dvelja lengur og gera betur við sig en áður sem styður við greinina á sama tíma og neysluaukning Íslendinga fer aðallega fram erlendis.
- Á þessu ári hafa Íslendingar eytt að jafnaði 43 mö.kr. mánaðarlega í verslunum og 38 mö.kr. í kaup á þjónustu á meðan ferðamenn eyddu að jafnaði ríflega 17 mö.kr. mánaðarlega í þjónustu og tæplega 4 mö.kr. í verslunum.
- Greinin hefur sýnt mikla seiglu og aðlagast breyttum aðstæðum. Höggið sem greinin varð fyrir í faraldrinum varð því ekki jafn slæmt og óttast var í upphafi, m.a. vegna þess að Íslendingar fóru að ferðast og neyta vöru og þjónustu innanlands í auknum mæli.
- Netverslun hefur margfaldast á síðustu árum. Að jafnaði versla Íslendingar fyrir um 3 ma. kr. mánaðarlega í innlendum netverslunum. Nóvembermánuður er ávallt stærsti mánuður netverslunar vegna sérstakra afsláttardaga.
- Veikara gengi og verðhækkningar erlendis skapa áskoranir í greininni, en um leið tækifæri. Innflutningur á vörum verður dýrari og þar með hækkar rekstrarkostnaður fyrirtækja í verslun og þjónustu. Á móti kemur að veikara gengi gefur ferðamönnum færi á að eyða fleiri krónum hér á landi og gæti fært innlenda eftirspurn í auknum mæli inn í landið þar sem ferðalög frá Íslandi til útlanda verða dýrari.
- Einkaneysla hefur verið sterk það sem af er ári, en minni kaupmáttur og vaxtahækkningar kunna að verða til þess að íslenskir neytendur haldi að sér höndunum. Við spáum því að ferðamönnum haldi áfram að fjölga og drífa áfram vöxt greinarinnar á næstu árum.


# Jólaverslunin eykur mánaðarveltu um allt að 85%

## Neysla í desember miðað við aðra mánuði ársins



Meðaltal árána 2018-2021


## Verðslunin sem eykst mest í des




- Nú stendur yfir neyslupýngsti mánuður ársins. Almennt mælist neysla Íslendinga í verslunum hátt í 40% meiri í desember en í öðrum mánuðum ársins. Aukningin er þó mjög misjöfn eftir tegundum verslana.
- Mest mælist aukningin í fataverslunum þar sem kortavelta Íslendinga er að jafnaði um 85% meiri að raunvirði í desember en aðra mánuði árs. Á eftir fataverslunum mælist aukningin mest í raf- og heimilistækjaverslunum, að jafnaði um 57% meiri.
- Í fyrra var kortavelta Íslendinga yfir 6 ma.kr. í fataverslunum í desember sem er mesta kortavelta sem hefur mælist miðað við fast fataverð frá upphafi mælinga hjá RSV.
- Kortavelta í raf- og heimilistækjaverslunum var um 4,4 ma.kr. í desember í fyrra sem er svipað og árið á undan.

# Velta í smásöluverslun hefur aukist um 57% að raunvirði síðan 2012


Velta skv. VSK-skýrslum



Velta í ma.kr.




Aukning frá 2012



- Heildarvelta samkvæmt VSK-skýrslum í smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum, er um 55 ma.kr. á mánuði. Þar af er velta í stórmörkuðum og matvöruverslunum 22 ma.kr. á mánuði, eða um 40% af veltunni.
- Veltan dróst nokkuð saman milli árána 2008 og 2012, aðallega í byggingarvöruverslunum, en hefur aukist verulega síðan.
- Ef við berum saman annars vegar síðustu tólf mánuði sem gögn um veltu VSK-skýrslna ná til, september 2021 – ágúst 2022, og hins vegar allt árið 2012 sést að aukningin er um 57% á föstu verðlagi.
- Velta hefur aukist mest í byggingarvöruverslunum, en þar hefur hún tvöfaldast frá árinu 2012. Þrátt fyrir þessa aukningu er veltan í byggingarvöruverslunum um 10% minni en árið 2008.

# Aukning í kortaveltu hér á landi drifin áfram af erlendum kortum

## Framlag innlendra og erlendra korta til ársbreytinga í kortaveltu innanlands



- Aukning í kortaveltu hér á landi milli ára hefur á síðustu mánuðum aðallega verið drifin af veltu erlendra korta.
- Samdrátturinn á tímum faraldursins skýrist fyrst og fremst af því hversu hratt velta erlendra korta dróst saman, en í upphafi var þó einnig samdráttur í veltu innlendra korta. Kortavelta, bæði innlend og erlend, var þó farin að dragast saman áður en faraldurinn skall á, fljótlega eftir fall WOW air í mars 2019.
- Fyrst eftir að kortavelta tók að aukast aftur eftir faraldurinn var hún borin af veltu innlendra korta en á sumarmánuðum 2021 tóku erlendu kortin hratt við sér.


# Neysla Íslendinga

Breyttar neysluvenjur eftir faraldur



# Útgjöld aðallega í húsnæði, ferðalög og mat


## Útgjöld meðalheimilis




- Á hverju ári framkvæmir Hagstofan rannsókn á útgjöldum heimilanna. Niðurstöður úr rannsókninni eru notaðar til að ákvarða vogir í vísitölu neysluverðs og út frá þeim má sjá samsetningu á útgjöldum meðalheimilis.
  - 29% fer í húsnæði, hita og rafmagn. Stærsti hlutinn er áætlað endurgjald fyrir að búa í eigin húsnæði (19%).
  - 15% fer í ferðir og flutninga. Inni í þessu eru meðal annars kaup á ökutækjum (6%), bensíni (3,7%) og flugfargjöld til útlanda (1,6%).
  - 15% fer í mat og drykkjarvörur.
  - 10% fer í tómstundir og menningu. Inni í því eru meðal annars kaup á sjónvörpum, tölvum, leikföngum, íþróttaiðkun, bókum og blöðum.

# Þjónustukaup taka við sér og verslun mælist sterk þrátt fyrir samdrátt

## Kortavelta Íslendinga



## Þróun í kortaveltu




- Þegar faraldurinn skall á drógust þjónustukaup Íslendinga verulega saman, um allt að 41% milli ára, á sama tíma og kaup í verslunum jukust um allt að 23% milli ára, litið til mánaðarlegra gagna um kortaveltu á föstu verðlagi.
- Þegar um ár var liðið af faraldrinum snerist þróunin við og þjónustukaup fóru að aukast að nýju, en þau voru þó áfram mjög háð bylgjum faraldursins og þeim takmörkunum sem voru settar á samkomur hverju sinni.
- Nú er staðan þannig að neysla Íslendinga í verslunum innanlands mælist um 4% minni að jafnaði en á síðasta ári, en 16% meiri en á sama tíma 2019, fyrir faraldur, miðað við fast verðlag. Þjónustukaup mælast 12% meiri en í fyrra það sem af er ári og 6% meiri en á árinu 2019.
- Íslendingar hafa eytt að jafnaði 43 mö.kr. mánaðarlega í verslunum og um 38 mö.kr. í kaup á þjónustu það sem af er ári samkvæmt gögnum RSV.




# Faraldurinn færði okkur netverslun

## Netverslun Íslendinga innanlands




## Þróun netverslunar



- Miðað við fast verðlag var netverslun að hámarki tæplega 2 ma.kr. í stökum mánuði áður en faraldurinn hófst. Eftir það varð gífurleg breyting þegar Íslendingar versluðu fyrir 8,4 ma.kr. þegar mest lét í nóvember 2020.
- Netverslun er áberandi mest hverju sinni í nóvembermánuði þar sem sérstakir afsláttardagar hafa rutt sér til rúms og fyrirtæki bjóða afslátt á netinu.
- Netverslun virðist alla jafna vera ríflega 3 ma.kr. mánaðarlega, en var til samanburðar innan við 1 ma.kr. á árunum 2017-2018. Netverslun hefur því margfaldast á síðustu árum og skýrir faraldurinn þá þróun að miklu leyti.
- Netverslun mælist einna mest í raf- og heimilistækjaverslunum, tæplega 19% af allri veltu þar undanfarið ár. Sem hlutfall af verslun í heild mælist netverslun tæplega 8% af allri kortaveltu í verslunum, sé horft til síðustu 12 mánaða.

# Samdráttur í nær öllum tegundum verslunar


## Þróun undirliða verslunar



- Stöðugur samdráttur hefur orðið milli ára í nær öllum tegundum verslunar samkvæmt kortaveltu Íslendinga á síðustu ársfjórðungi, einna mest í áfengisverslunum, þar sem veltan jókst mest í faraldrinum.
- Kortavelta dregst líka saman í fataverslunum, 8% milli ára að raunvirði á þriðja ársfjórðungi. Þrátt fyrir það mældust fatakaup Íslendinga hér á landi um 19% meiri en á þriðja ársfjórðungi 2019, fyrir faraldur. Það á raunar við um alla undirliði verslunar. Kaupin mælast meiri nú en á sama tíma 2019 þrátt fyrir samdrátt milli ára. Samdráttinn sem nú sést má eflaust skýra með auknum ferðalögum til útlanda og verslun þar.
- Í stórmörkuðum og dagvöruverslunum var neyslan um 16% meiri á þriðja ársfjórðungi nú samanborið við 2019, 13% meiri í áfengisverslunum og um 24% meiri í verslunum sem selja byggingarvörur, heimilisbúnað- og tæki.

# Ferðapjónustukaup aukast verulega


## Þróun undirliða þjónustu




- Þjónustukaup hafa aukist verulega og einna helst kaup á þjónustu ferðaskrifstofa, enda hafa Íslendingar verið sólgirnir í ferðalög frá því að ferðatakmörkunum vegna faraldursins var aflétt.
- Íslendingar sækja þó einnig í ýmsa þjónustu innanlands, til að mynda hótelgistingu sem færðist verulega í aukana í faraldrinum og er enn vinsæl þrátt fyrir lítilsháttar samdrátt nú.
  - Á þriðja ársfjórðungi drógust kaup Íslendinga á hótelgistingu innanlands saman um 16% milli ára, en voru þrátt fyrir það tæplega 60% meiri en á þriðja ársfjórðungi 2019. Það má því draga þá ályktun að faraldurinn og ferðalög innanlands hafi kennt Íslendingum að njóta innlendrar ferðaþjónustu í auknum mæli.

# Spáum hægari vexti neyslu á næstunni

## Einkaneysla - þróun og spá



## Innlán og yfirdráttarlán heimila



- Einkaneysla hefur verið kraftmikil það sem af er ári og nýjustu gögn sýna að hún jókst um 7,2% milli ára á þriðja ársfjórðungi. Sá neysluvöxtur kemur að langmestu leyti frá útlöndum í formi ferðalaga Íslendinga erlendis.
- Í október sl. gáfum við út þjóðhags- og verðbólguþá spá þar sem við spáðum m.a. fyrir um þróun einkaneyslunnar. Þar gerðum við ráð fyrir því að vöxtur yrði mun hófstílltari fram á við en hann hefur verið síðustu misseri.
- Innlán eru hætt að aukast með sama hraða og áður á meðan yfirdráttarlán eru farin að aukast. Saman bendir það til þess að svigrúm til frekari neysluaukningar sé takmarkað. Heimilin áttu uppsafnaðan sparnað vegna minni neyslu í faraldrinum en hafa byrjað að ganga á hann. Því til viðbótar er búist við lítilsháttar rýrnun á kaupmætti milli ára í ár sem dregur úr neysluvilja og -getu fólks.


# Neysla ferðamanna

Fólk gerir vel við sig á ferðalögum eftir faraldur



# Ferðamenn gera betur við sig en áður


## Ferðamenn og kortavelta



- Kortavelta ferðamanna er að aukast hratt á ný.
- Þótt ferðamenn hafi verið 20% færri í október í ár en í sama mánuði árið 2018, sem var metár í ferðamannafjölda, er kortaveltan mjög svipuð og þá, á föstu gengi. Því má ætla að ferðamenn geri betur við sig en árið 2018, m.a. með lengri ferðalögum.
- Í október 2022 var kortavelta hvers ferðamanns að meðaltali 130 þúsund krónur. Í október 2018 var hún 106 þúsund krónur, miðað við fast gengi.
- Við gerum ráð fyrir að velta erlendra korta þegar faraldurinn stóð sem hæst skýrist aðallega af kortaveltu Íslendinga með erlend greiðslukort.

# Norskir ferðamenn þeir neysluglöðustu


## Meðalkortavelta ferðamanna á dag eftir þjóðerni 2018-19



- Norskir ferðamenn á Íslandi eyða mestu á hverjum degi, rúmlega 58 þúsund krónum að meðaltali. Þar á eftir koma Kanadamenn sem eyða að meðaltali rúmlega 46 þúsund krónum á dag. Kínverskir ferðamenn eyða minnstu, tæpum 17 þúsund krónum að meðaltali á dag. Allar tölur miða við árin 2018-2019 á verðlagi þess tíma.
- Norðmenn dvelja stutt á Íslandi, að meðaltali í 2,4 skráðar gistinætur á árunum 2017-2019. Finnar stoppa líka stutt, að meðaltali í 2,1 skráða gistinótt og eyða hlutfallslega miklu. Ferðamenn frá Þýskalandi stoppuðu lengst á árunum 2017-2019, að meðaltali 6,2 gistinætur, og eyddu minnstu á hverjum degi að undanskildum Kínverjum, sem dvöldu einnig lengur en meðal ferðamaður, eða 4,4 gistinætur.
- Bandaríkjamenn hafa verið langfjölmennasta ferðamannaþjóðin síðustu ár. Þar á eftir hafa ýmist komið Bretar eða Þjóðverjar og Danir og Frakkar fylgja fast á eftir.

# Fjórðungur af kortaveltu ferðamanna fer í gistiþjónustu

## Kortavelta erlendra ferðamanna




- Ferðamenn eyða mun meiru í þjónustu en verslun. Um 25% af kortaveltu ferðamanna er vegna greiðslna fyrir gistiþjónustu. Um 15% fer í veitingaþjónustu. 25% kortaveltu er vegna ýmiskonar ferðaþjónustu eða þjónustu sem tengist farþegaflutningum.
- Um 17% af kortaveltu fer í ýmiskonar verslun.
  - Þriðjungur útgjalda ferðamanna í verslun er dagvöruverslun, um fimmtungur er fataverslun og 13% er gjafa- og minjagripaverslun.



# Spáum áframhaldandi fjölgun ferðamanna þó blikur séu á lofti

Fjöldi erlendra ferðamanna, þúsund manns



- Við búumst við að í ár komi hingað til lands 1,7 milljónir ferðamanna og er óvissan um þá tölu orðin fremur lítil. Óvissan um fjölgunina á næsta ári hefur þó aukist verulega, sérstaklega hvað varðar Evrópubúa, sem horfa fram á mjög erfiðan vetur vegna verðbólgu.
- Sé litið yfir farinn veg hefur mest ráðandi þáttur í komum erlendra ferðamanna hingað til lands, líkt og hjá öðrum eyríkjum, einfaldlega verið framboð af flugsætum. Framboðið hefur aukist hér á landi sem og annars staðar og mun það líklegast halda áfram fram á næsta ár.
- Í maí spáðum við því að 2 milljónir ferðamanna kæmu til Íslands á næsta ári. Við höfum fært þá spá niður í 1,9 milljónir í ljósi þeirra efnahagsþrenginga sem Evrópa stendur frammi fyrir.
- Við teljum að árið 2024 verði mun betra og þá spáum við að fjöldinn nái 2,3 milljónum og haldi svo áfram að vaxa upp í 2,5 milljónir árið 2025.


# Gisti- og bílamarkaðurinn

Hótelgistingar vinsælli og bílum fjölgar



# Innkoma Airbnb hafði mikil áhrif á hinn hefðbundna gistimarkað


## Skráðar gistinætur á hvern ferðamann 2015 og 2018



- Skráðar gistinætur ferðamanna breyttust heilmikið í kjölfar þess að Airbnb kom eins og stormsveipur inn á gistimarkaðinn. Séu árin 2015 og 2018 borin saman sést að hjá nær öllum þjóðum eða hópum þjóða fækkaði skráðum gistinóttum. Asía er undantekning.
- Meðal þeirra þjóðerna þar sem samdráttur mældist var hann alls staðar fremur áþekkur, eða á bilinu 20-30%. Hlutfallslega virtist Airbnb því hafa svipuð áhrif á ferðamenn óháð því hvaðan þeir koma.
- Í upphafi tímabilsins var WOW air að sækja í sig veðrið. Kannanir sýndu að ferðamenn sem ferðuðust með félaginu gistu fremur í Airbnb en ferðamenn sem komu hingað með öðrum flugfélögum.

# Brotthvarf WOW air dró verulega úr eftirspurn eftir Airbnb


## Skráðar gistinætur á hvern ferðamann 2018 og 2019




- WOW air varð gjaldprotta og hætti starfsemi í mars 2019. Það hristi verulega upp í gistimarkaðnum. Skráðum gistinóttum á hvern ferðamann fjölgaði mjög milli ára 2018 og 2019, meðal allra nema ferðamanna frá Asíu. Skráðum gistinóttum Bandaríkjamanna fjölgaði mest, um 35%. Næstmest fjölgaði þeim meðal Norðurlandabúa.
- Þetta er vísbending um að ferðamenn sem komu frá Bandaríkjunum og Norðurlöndunum hafi verið líklegri til að gista í Airbnb en ferðamenn af öðru þjóðerni.
  - Töluverður breytileiki var þó meðal Norðurlandanna. Aukningin var mest hjá Dönum, eða 27%, en minnst hjá Svíum, eða 6%.
- Í heild fjölgaði skráðum gistinóttum á ferðamann um 14,6% við fall WOW air.

# Skráðar gistinætur á ferðamann breytilegar eftir þjóðerni

Skráðar gistinætur á hvern ferðamann




Skráðar gistinætur á hvern ferðamann



- Fjöldi skráðra gistinóttanna á ferðamann er töluvert breytilegur eftir þjóðerni. Á árabílinu 2017-2019 dvöldu Þjóðverjar lengst, eða að meðaltali í 6,2 nætur. Næst á eftir komu Hollendingar og Frakkar með 5,4 og 4,8 nætur.
- Almennt séð eru gistinætur stóru þjóðanna á meginlandi Evrópu fleiri en Breta og íbúa Norður-Ameríku. Norðurlandabúar dvelja einnig að jafnaði skemur en fólk frá meginlandi Evrópu.
- Pólverjar skera sig verulega frá öðrum löndum en það skýrist að miklu leyti af því að hluti þeirra Pólverja sem taldir eru inn í landið er búsettur héraendis eða gistir hjá ættingjum.

# Skráðar gistinætur á ferðamann fleiri nú en fyrir faraldur

## Skráðar gistinætur á hvern ferðamann




- Á fyrstu 9 mánuðum ársins var heildarfjöldi skráðra gistinóttanna um 4,4 á hvern erlendan ferðamann. Þetta er lengri dvöl en fyrir faraldur en á árunum 2018-2019 lá gistinóttafjöldinn á bilinu 3,3-3,8.
- Lengri dvalartími á síðasta ári skýrist eflaust að hluta til af því að í faraldrinum fór fólk í færri utanlandsferðir en dvaldi lengur.
- Samsetning ferðamanna eftir þjóðerni tekur stöðugum breytingum yfir tíma. Fjölgun gistinóttanna á hvern ferðamann kann að skýrast að hluta til af breyttri samsetningu ferðamanna eftir þjóðerni. Ef hlutfallslega fleiri ferðamenn koma frá löndum með langan dvalartíma fjölgar gistinóttum á hvern ferðamann.
- Aukinn fjöldi skráðra gistinóttanna getur líka skýrst af því að hlutfall Airbnb gistingar af heildargistinóttum hafi verið minna á þessu ári en fyrir faraldur.
- Mikil óvissa ríkir um hvort fjölgun skráðra gistinóttanna sé komin til að vera eða hvort við förum aftur í sama far og fyrir faraldur.



# Heildarfjöldi gistinguáttá á ferðamann fleiri eftir faraldur?

## Gistinguáttur á hvern erlendan ferðamann




- Til að leggja mat á heildardvalarlengd ferðamanna þarf að áætla bæði skráðar og óskráðar gistinguáttur. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar var ein óskráð gistinguátt fyrir hverjar þrjár skráðar gistinguáttur á tímabilinu 2017-2019 hjá erlendum ferðamönnum.
- Hagfræðideild hefur síðan lagt mat á fjölda óskráðra gistinguáttá frá ágúst 2020 þar sem ekki fást upplýsingar um það, út frá hlutfalli óskráðra gistinguáttá eftir fall WOW air. Miðað við það mat lítur út fyrir að heildarfjöldi gistinguáttá, þ.e. bæði skráðar og óskráðar gistinguáttur á ferðamann, hafi verið fleiri á fyrstu 9 mánuðum ársins en á árunum fyrir faraldur.
  - Það er þó mikil óvissa í þessu mati, enda alls óvíst hvort hlutfall óskráðrar gistinguáttá af heildarfjölda gistinguáttá hafi verið það sama núna og á síðustu 9 mánuðum 2019 og fyrstu 3 mánuðum 2020.



# Bílaleigubílum fjölgar í takt við fjölgun ferðamanna

## Bílaleigubílar og fjöldi ferðamanna




- Bílaleigubílar í umferð voru í sumari álika jafnmargir og sumarið 2019, fyrir faraldur.
- Fjöldinn sveiflast með fjölda erlendra ferðamanna en bílaleigubílum á götunum fækkaði ekki jafn svakalega og ferðamönnum í faraldrinum. Einnhverjir bílanna voru nýttir í langtímaleigu til Íslendinga og einhverjir í skammtímaleigu til Íslendinga á ferðalögum innanlands, sem færðust mjög í aukana.



# Bílasala í hæstu hæðum


## Velta í bílasölu




- Velta í bílasölu hefur færst í aukana aftur eftir samdrátt í faraldrinum og hefur aldrei verið meiri en í maí og júní á þessu ári. Veltan í maí og júní á þessu ári var 10% meiri en þegar hún náði síðast hámarki í maí og júní árið 2017. Veltan í júlí og ágúst á þessu ári var nánast sú sama og árið 2017, örlítið minni en á sama tíma á síðasta ári.
- Salan er bæði til einstaklinga og fyrirtækja, svo sem til bílaleiga. Því er ekki að furða þótt bílasala sveiflist meðal annars með umsvifum í ferðaþjónustu.

# Fyrirhugaðar breytingar á skattlagningu bíla


Vörugjald á hverja nýskráða fólksbifreið



Bifreiðagjald á hvern bíl í umferð



Nýskráð ökutæki eftir orkugjöfum



- Bensín- og díselbílar eru sífellt sparneytnari og rafmagnsbílum fjölga. Á þessu ári hafa 40% fleiri rafmagnsbílar verið nýskráðir en bensínbílar, og 10% fleiri rafmagnsbílar en díselbílar. Þetta gerir það að verkum að tekjur af skattlagningu bíla hafa minnkað mikið á síðustu árum því hún er að miklu leyti byggð á losun CO<sub>2</sub>.
- Breytingar verða gerðar á skattlagningu ökutækja og eldsneytis á yfirstandandi kjörtímabili. Fyrsta skrefið má sjá í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023. Breytingar á vörugjaldi á ný ökutæki, sem ætlað er að breikka skattstofninn, eiga að skila ríkissjóði 2,7 ma.kr. viðbótartekjum. Breytingar á bifreiðagjaldi eiga að skila 2,2 mö.kr. í viðbótartekjum.
- Það má velta fyrir sér hvort þessi aðgerð dragi úr hvata fólks til þess að fjárfesta í sparneytnum bílum og hægi því eitthvað á orkuskiptunum.


# Efnahagsaðstæður greinarinnar

Innflutningur, gengi, verðbólga og laun




# Flytjum langmest inn frá evrusvæðinu


Innfluttar neysluvörur eftir gjaldmiðlum




Matvæli til heimilis




Óvaranl. neysluv.




Hálfvaranl. neysluv.




Varanlegar neysluv.



Fólksbílar




Þróun frá áramótum




- Langstærsti hluti innflutnings á neysluvörum almennt kemur frá evrusvæðinu, eða 48%. Það er nokkuð misjafnt eftir tegundum neysluvara hvaðan restin kemur. 32% af hálfvaranlegum neysluvörum (t.d. fatnaði) kemur til að mynda frá Kína. Við flytjum hlutfallslega mikið inn af bílum frá Bandaríkjunum og Japan, miðað við aðrar vörur.
- Gengi þessara gjaldmiðla skiptir því miklu máli. Frá áramótum hefur verð á evru hækkað um 1% og bandaríkjadalur hækkað um 8%.

# Mun fleiri bílar fluttir inn

## Innflutningur á neysluvörum




## Aukning frá 2012




- Innflutningur á neysluvöru hefur aukist verulega frá árinu 2012. Innflutningur fólksbíla hefur aukist mest, næstum fjórfaldast frá árinu 2012, og innflutningur á matvælum til heimilisnota og öðrum óvaranlegum neysluvörum (t.d. tóbaki og lyfjum) hefur aukist minnst, um 120%. Innflutningur á hálfvaranlegum neysluvörum eins og fatnaði hefur aukist um 156% á síðustu 10 árum og innflutningur varanlegra neysluvara (t.d. heimilistækja) nær tvöfaldast.
  - Innflutningur nauðsynjavara hefur því ekki aukist jafn mikið og innflutningur annarra vara.
- Innflutningur á fólksbílum jókst mjög hratt samhliða uppgangi ferðaþjónustu á árunum 2012-2018, en dróst saman í kjölfar falls WOW air og í heimsfaraldrinum þegar hægði á ferðamannastraumnum. Stóran hluta innflutnings á bílum frá 2012 má því væntanlega skýra með innflutningi á bílaleigubílum.

# Mjög misjöfn verðþróun eftir vöruflokkum

## Verðþróun




## Breyting frá 2012



- Ef við skoðum verðþróun nokkurra undirliða vísitölu neysluverðs sést að matarkarfan hefur hækkað aðeins meira í verði en almennt verðlag síðustu ár.
- Föt, skór, húsgögn, heimilisbúnaður og annað slíkt hefur hækkað nokkuð minna en almennt verðlag.
- Sjónvörp, tölvur, farsímar og önnur tæki hafa aftur á móti lækkað verulega, samkvæmt mælingu Hagstofunnar. Þessi lækkun er tæknilegs eðlis og kemur til vegna tækniframfara. Hagstofan ber alltaf saman „sambærilegar“ vörur. Þó að verð á meðalsjónvarpi hafi lítið breyst tekur Hagstofan inn í verðmælinguna að fyrir sama pening fæst núna stærra sjónvarp með meiri upplausn.

# Árshækkun matarkörfunnar 10,2%


## Matarkarfan og hrávörur




- Verðbólga er núna (nóvember) 9,3%. Matur og drykkjarvörur hafa hækkað tæpu prósentustigi meira en verðlag í heild, eða um 10,2%. Það er þó afar misjöfn þróun eftir einstaka matvörum.
- Ávextir, gos, safar, sykur, sælgæti og o.fl. hafa hækkað minnst.
- Kaffi, te, kakó, kjöt og mjólkurvörur hafa hækkað mest.
- Hrávörur hafa margar hækkað mikið á síðasta ári, um allt að 29% (í krónum talið) sem hefur óljós áhrif á matvælaverð hér á landi. Mest hefur verð hækkað á maís, hveiti og sojabaunum.
  - Breytingar á hrávöruverði skila sér þó ekki alltaf með beinum hætti inn í þróun á matvælaverði þar sem margir ólíkir þættir ráða því verði sem fæst á endanum fyrir vöruna.

# Miklar sveiflur í starfafjölda en allt á réttri leið

## Fjöldi starfandi



## Hlutfall af fjölda starfa




- Starfsfólki í veitinga- og gististarfsemi, og ferðapjónustu almennt, fjölgaði gífurlega á árunum 2013-2018. Mikið bakslag kom svo í greinina í faraldrinum en viðsnúningur hefur verið hraður á þessu ári.
  - Mun öfgakenndari sveiflur í fjölda starfandi í þessum greinum á síðustu árum en í atvinnulífinu almennt.
- Störf í einkennandi greinum ferðapjónustunnar voru hátt í 15% af öllum störfum þegar mest lét. Núna mælist hlutfallið um 12%.
- Stöðugleiki er mun meiri í heild- og smásöluverslunum. Störfum þar fækkaði aðeins lítillega í faraldrinum og þau héldust nokkuð stöðug sem hlutfall af störfum alls.
- Verslun og ferðapjónusta eru einu greinarnar þar sem eftirspurn eftir vinnuafli jókst milli júní og september á þessu ári, samkvæmt könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækjanna. Í september sögðust stjórnendur 48,7% verslana vilja fjölga starfsfólki og 42,7% fyrirtækja í samgöngum, flutningum og ferðapjónustu.




# Mismunandi staða hópa eftir síðasta samningstímabil

Launabreyting janúar 2019 til ágúst 2022



Regluleg laun á árinu 2021



- Niðurstaða launaþróunar á síðasta samningstímabili er mjög mismunandi fyrir einstaka hópa. Laun í veitinga- og gististarfsemi hafa hækkað einna mest á markaðnum. Þetta kemur ekki á óvart, launastig er lægra í þeim greinum og krónutöluhækkarnir gefa því hærri prósentuhækkarnir. Þá kunna erfiðleikar við mönnun að spila inn í.
- Laun í heild- og smásöluverslun hafa hækkað álíka mikið og meðaltal á vinnumarkaði og það sama á við um skrifstofufólk. Afgreiðslu- og þjónustufólk hefur hækkað meira í launum. Regluleg mánaðarlaun eru lægri í heild- og smásöluverslun en að meðaltali á vinnumarkaði og það sama á við um laun í gisti- og veitingarekstri.
- Nú eru kjarasamningar lausir og alls óvíst hvernig þessi þróun verður á næsta samningstímabili. Yfirlýst stefna þeirra sem standa að gerð kjarasamninga fyrir þessa hópa hefur til þessa verið að gera kjarasamninga með svipuðum hætti og á árinu 2019. Nú hefur Starfsgreinasambandið gert kjarasamning í þeim anda, en svo virðist sem hópur verslunar- og skrifstofufólks hafi færst yfir á þann væng sem vill frekar prósentubreytingar launa.

# Fyrirvari

---

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.